



# **Sveitarfélagið Hornafjörður**



## **Fjárhagsáætlun 2007**

**Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 14. desember 2006**

## I. INNGANGUR

### Inngangur

Greinargerð bæjarstjóra vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2007 sem var samþykkt 14. desember 2006.

Með fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, A-hluta, fylgja fjárhagsáætlanir B-hluta, þ.e.a.s. hafnarsjóðs, vatnsveitu og húsnæðiskerfis. Enn fremur fjárhagsáætlun Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

---

	<p>Markmið bæjarstjórnar fyrir árið 2007 er að viðhalda þjónustustigi og efla það en jafnframt að halda áfram að reka bæjarsjóð með ábyrgum hætti. Árið 2007 einkennist af miklum framkvæmdum og viðhaldi eigna sveitarfélagsins. Ennfremur eru stigin mikilvæg skref í stuðningi við atvinnulíf.</p>
<i>Áherslur ársins 2007</i>	<p>Unnið verður að framgangi mikilvægra mála á næsta ári. Til dæmis kemur ný skólastefna til framkvæmda, endurskoðun á stefnu í menningarmálum heldur áfram og heilbrigðis- og öldrunarmál verða tekin til skoðunar.</p>
<i>Framkvæmdir</i>	<p>Nánar er gerð grein fyrir framkvæmdum ársins 2007 síðar íð þessari greinargerð en árið mun einkennast af miklum umsvifum í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir framkvæmdum fyrir 318 m.kr. hjá A og B hluta sveitarfélagsins.</p>
<i>Málefni fjölskyldunnar í brennidepli</i>	<p>Málefni fjölskyldunnar eru í brennidepli. Á árinu 2007 lækka leikskólagjöld að raungildi, niðurgreiðslur vegna vistunar barna hjá dagmæðrum aukast umtalsvert, málefni nýbúa og félagslíf ungs fólks verður tekið til sérstakrar skoðunar og áfram verður unnið að því að styðja við börn og fjölskyldur þeirra með þverfaglegri vinnu starfsmanna HSSA, skólanna og félagsþjónustunnar.</p>
<i>Landbúnaðarmál</i>	<p>Skipuð hefur verið nefnd til að endurskoða fjallskil í sveitarfélaginu og komið hefur verið á samstarfi á milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar um stefnumótun varðandi lausagöngu búfjár. Þá er lagt til nokkurt fé til að auka götulýsingu í dreifbýli.</p>
<i>Stjórnsýsla</i>	<p>Þá er stefnt að því að innleiða árangursmælikvarða í auknum mæli í starfi stjórnsýslunnar og herða innra eftirlit. Snemma árs 2007 verður framkvæmd skoðanakönnun meðal íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Könnunin á að gefa mikilvægar vísbendingar um hugmyndir fólks til þjónustu sveitarfélagsins og hvar sé mikilvægast að bæta hana.</p>
<i>Atvinnumál</i>	<p>Ákveðið hefur verið að styðja við bakið á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með samningi sem gildir út þetta kjörtímabil. Samningurinn felur í sér að sveitarfélagið leggur fram eina krónu á móti hverri krónu sem lögð er fram af ferðaþjónustuaðilum. Að hámarki mun sveitarfélagið setja þrjár milljónir í verkefnið á hverju ári. Það er trú þeirra sem standa að samningnum að þarna sé stigið</p>

mikilvægt skref í átt að kröftugri markaðssetningu fyrir ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu.

Haldið verður áfram að styðja við rannsóknar- og þróunarstarf í Nýheimum. Starfsemin þar hefur dafnað vel og sífellt aukinn kraftur að færast í verkefni stofnana sem þar eru með aðstöðu.

Árið 2007 mun markast af undirbúningi fyrir stofnun stærsta þjóðgarðs í Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarðs. Íbúar í Sveitarfélaginu Hornafirði hafa verið leiðandi í þessari umræðu og tekið virkan þátt í mótun lagafrumvarps sem nú liggur frami á Alþingi. Mikil tækifæri felast í þessum stærsta þjóðgarði í Evrópu

*110 ára afmæli Hafnar* Árið 2007 er afmælisár. Þá verða liðin 110 ár síðan fyrstu húsin risu við Hafnarvík og Heppu. Ákveðið hefur verið að minnast þessara tímamóta með ýmsum hætti, t.d. með menningarviðburðum, atvinnulífssýningu og ráðstefnum.

## **II. ALMENNT UM FJÁRHAGSÁÆTLUN**

Lögboðin verkefni	Stærsti hluti tekna og útgjaldaA- hluta sveitarfélagsins fer í lögboðin verkefni.
Fræðslu- og uppeldismál stór málaflokkur	Umfangsmesti og útgjaldafrækasti málaflokkurinn er fræðslu- og uppeldismál sem tekur til sín 53,8% af skatttekjum.
Laun hátt hlutfall	Launakostnaður er afgerandi eða um 64,3% af skatttekjum.
Rammaáætlun	Fjárhagsáætlunin er unnin sem rammaáætlun. Upphæðunum er því næst skipt niður á einstakar deildir, en forstöðumenn gera síðan tillögur um skiptingu á einstaka bókhaldsliði.
Ráðdeildarsemi er skylda allra starfsmanna	Almennar rekstrarstærðir í stofnunum okkar eru vel þekktar og ef í ljós koma frávik frá þeim er það sýnilegt. Eftir sem áður er mikilvægt að halda vöku sinni og það er skylda allra að sýna ráðdeildarsemi og aðhald í rekstri sveitarfélagsins en leggja metnað í að veita góða þjónustu. Í samvinnu við endurskoðendur hafa verið lögð drög að breyttum vinnubrögðum með ýmsa þætti sem snerta innra eftirlit og endurskoðun.
Lögbundin verkefni fyrirferðarmest	Þegar rætt er um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og stofnana þess er hollt að leiða hugann að hlutverki sveitarfélaga sem og eðli verkefna og starfsemi þeirra almennt. Í langflestum tilfellum er um lögbundna þjónustu að ræða og samningsbundin útgjöld þar sem launagreiðslur vega þungt. Af þeirri ástæðu eru ekki miklir möguleikar á stórfelldum breytingum eða miklum tilfærslum nema með uppsögnum starfsfólks og skertri þjónustu.

### III. TEKJUR OG GJÖLD

Tekjustofnar ekki fullnýttir

Við fjárhagsáætlunargerð þarf að ná samræmi á milli útgjalda og tekna. Einnig þarf lántaka að vera í samræmi við getu bæjarsjóðs til endurgreiðslu á lánum. Ef sveitarfélagið nýtti sér að fullu heimildir tekjustofnalaga væri auðveldara að ná endum saman. Flestir eru sammála um að fara milliveg eins og áður.

Tekjustofnar 2007

Álagningareglur og gjaldskrár:

	Hornafjörður	Leyfilegt hámark
Útsvar	13,03 %	13,03%
Fasteignaskattur		
íbúðarhúsnæði	0,50 %	0,625 %
opinberar byggingar	0,88 %	0,88 %
atvinnuhúsnæði	1,62 %	1,65 %
Lóðarleiga af lóðamati	1,00 %	
Holræsagjald	0,30 %	0,30%
Vatnsgjald	0,18 %	0,30%
Sorphreinsigjald (kr./ein)	12.000	
Sorpurðunargjald (kr./ein)	6.000	
Hundaleyfisgjald	8.000	
Leikskólagjald frá 1.1 2007	19.329	
	m.v. 8 tíma vistun	
Tónskólagjöld frá 1.9 2007	21.715	
	m.v. önn	

Skatttekjur og velta:

Áætlaðar skatttekjur alls 902,1 m.kr.

Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar alls 902,1 m.kr. Skatttekjurnar eru aðeins hluti af rekstrartekjum sveitarfélagsins.

Sértekjur um 662,8 m.kr.

Heildarvelta sveitarfélagsins og tengdra fyrirtækja er um 1,5 milljarður kr. Aðrar tekjur, um 662,8 m.kr. eru sértekjur sem færast á málaflokka, s.s. holræsa- og sorpgjöld, tekjur olíumalarstöðvar o.s.frv. að viðbættum tekjum:

Hafnarsjóðs 60,4 m.kr.

Vatnsveitu	53,5 m.kr.
Leiguíbúða	26,9 m.kr.
HSSA	358,8 m.kr.

Útsvarstekjur 55,27 % af skatttekjum	Útsvar er áætlað samtals 498,0 m.kr. sem er 55,2 % af skatttekjum.
Fasteignaskattar og lóðarleiga 15,1 % af skatttekjum	Reiknað er með að fasteignaskattur og lóðarleiga verði um 136,0 m.kr. (15,1% af skatttekjum) að teknu tilliti til lækkana til aldraðra og staðgreiðsluafsláttar. Af heildarmati fasteigna vegur íbúðahúsnæði u.þ.b. 75% en atvinnuhúsnæði 25%.
Álagning fasteignaskatta nálægt meðaltali	Álagning fasteignaskatta sveitarfélagsins er nálægt landsmeðaltali en fullnýting leyfilegra tekjustofna gæfu bæjarsjóði auknar tekjur sem nema talsverðum upphæðum. Eftir sem áður verður sveitarstjórnarfolk alltaf að gera það upp við sig hvort nýta eigi markaða tekjustofna eða greiða minna af skuldum og jafnvel draga úr þjónustu eins og ég hef vikið að áður.
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 29,7% af skatttekjum	Reiknað er með 268,2 m.kr. (29,7% af skatttekjum) tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næsta ári. Framlög Jöfnunarsjóðs eru fyrst og fremst þessi:
Útgjaldajöfnunarframlag	Útgjaldaframlög eru ætluð til að mæta kostnaði við ýmsa þjónustu, s.s. öldrunarþjónustu, leikskóla, skólaakstur o.s.frv. Þau eru tengd íbúafjölda og íbúasamsetningu.
Tekjujöfnunarframlag	Tekjujöfnunarframlög koma til ef tekjur í sveitarfélaginu eru lægri en meðaltekjur í landinu.
Grunnskólaframlag	Grunnskólaframlög eru tengd fjölda skólabarna, gerð skóla.
Framlag vegna húsaleigubóta	Jöfnunarsjóður greiðir einnig framlag vegna greiðslu á húsaleigubótum.
Lóðaleiga 1% af fasteignamati	Tekjur af lóðaleigu er áætlaðar rúmlega 12,3 m.kr. Lóðaleiga reiknaðist 1% af fasteignamati lóðar jafnt á íbúða- og atvinnulóðir.
Þjónustugjöld	Holræsa-, vatns-, sorpurðunar- og sorphirðugjöld eru öll tekjufærð sem þjónustugjöld í viðkomandi málaflokkum, en ekki sem almennar skatttekjur.

### Málaflokkar:

Félagsmál með 4,70% af skatttekjum	Útgjöld vegna félagsþjónustu nema 42,5 m.kr. (4,7% af skatttekjum) á næsta ári, en til þessa málaflokks teljast meðal annars heimilishjálp, félagsráðgjöf, þjónusta við fatlaða, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, húsaleigubætur o.fl. Þjónustusamningur um málefni fatlaðra er reikningsfærður undir þessum málaflokki.
------------------------------------	--

Fræðslumál með 53,76% af skatttekjum	Fræðslu- og uppeldismálin eru sem fyrr langstærsti málaflokkur í rekstri sveitarfélagsins. Málaflokkurinn mun kosta 485,0 m.kr. (53,76% af skatttekjum). Þess má geta að næsti málaflokkur er innan við 13% af skatttekjum sem sýnir vel hátt hlutfall fræðslumálanna. Undir þennan málaflokk heyra einnig leikskólar og tónskóli.
Lækkun leikskólagjalda	Gert er ráð fyrir raun lækkun leikskólagjalda frá og með 1. janúar nk. um það sem verðbólgu nemur. Leikskólagjöld standa í stað að krónutölu.
Leikskólagjöld standa undir 23,3% af rekstri leikskóla	Leikskólagjöld hafa um alllangt skeið verið miðuð við að tekjur standi undir 40% útgjalda en nú standa leikskólagjöld undir um 23,3% af rekstrarkostnaði leikskóla.  Við þurfum sennilega að venja okkur við þá staðreynd að þróun í leikskólamállum verður með sama hætti og í grunnskólum. Það skýrist m.a. af því að viðvera hvers nemenda lengist og leikskólarnir verða meira og minna einsetnir eftir nokkur ár. Það segir sig sjálfst að slík þróun mun kalla á aukin útgjöld sveitarsjóðs og hugsanlega foreldra einnig.
Menningarmál með 4,8% af skatttekjum	Menningarmál kosta 43,7 m.kr. (4,8% af skatttekjum) á næsta ári. Hér er fyrst og fremst um starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar að ræða sem fær 33,1 m.kr. Menningarmiðstöðin aflar sjálf 18,2 m.kr. tekna með styrkjum og þjónustu við aðrar stofnanir s.s skólar og Jöklastræt.
Æskulýðs- og íþróttamál með 7,1% af skatttekjum	Til æskulýðs- og íþróttamála er gert ráð fyrir að ráðstafa um 64,0 m.kr. (7,1% af skatttekjum). Inn í þeirri upphæð eru styrkir til æskulýðs- og íþróttamála um 13,0 m.kr.
Brunamál og almannavarnir	Málaflokkurinn kostar alls um 13,0 m.kr. Brunavarnafélag A-Skaft. fær 10,6 m.kr. og 2,4 m.kr. fara til almannavarna og öryggisgæslu.
Hreinlætismál	Málaflokkurinn kostar alls um 10,8 m.kr. sorphirða og sorphirðun kostar 38,1 m.kr. á næsta ári, en tekjur eru um 29,8 m.kr. Hlutfall neytenda í heildarkostnaði vegna sorphirðu og sorphirðun er 78,0%. Heilbrigðiseftirlit kosta 2,1 m.kr.
Skipulags- og byggingarmál	Áætlunin gerir ráð fyrir 19,6 m.kr. í þennan málaflokk þar af er gert ráð fyrir 18,8 m.kr. vegna tækni- og umhverfissviðs.
Götur, vegir og umferðarmál	Málaflokkurinn kostar alls um 13,5 m.kr.. Kostnaður vegna viðhalds og reksturs gatna og gangstétta er áætlaður umr 5,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að rafmagnskostnaður við götulýsingu verði 5,5 m.kr. og að snjómokstur og hálkueyðing kosti 2,0 m.kr.
Almenningsgarðar og útivistarsvæði	Kostnaður er áætlaður 15,36 m.kr. sem fyrst og fremst er varið í viðhald og endurbætur opinna svæða, s.s. slátt, hreinsun og snyrtingu. Vinnuskólinn sér um stóran hluta þessara verkefna.

Útgjöld vegna atvinnumála	Kostnaður vegna atvinnumála er áætlaður 16,6 m.kr. Þessi kostnaður er m.a. vegna reiknaðrar húsaleigu í Nýheimum, samnings um rekstur Háskólaseturs í Nýheimum, rekstur Frumkvöðlaseturs Austurlands, veiðilauna og framlags til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands. Einnig er færður hér samningur milli sveitarfélagsins til Ferðamálafélags A-Skaft. og framlag til Vaxtarsamnings Austurlands.
Sameiginlegur kostnaður með 12,71% af skatttekjum	Sameiginlegur kostnaður er áætlaður 111,6 m.kr. sem er 12,7% af skatttekjum. Stærstu útgjöld eru vegna yfirstjórnar, skrifstofu og reiknaðra lífeyrisskuldbindinga sem eru 21 m.kr. Á launabreytingareikning eru settar 15 m.kr. á óráðstafað er fært 3,7 m.kr.
Fjármagnskostnaður og afborganir langtímalána	Gert er ráð fyrir að vextir af langtímskuldur verði um 40,4 m.kr. sem er 4,4% af skatttekjum og afborganir lána 97,7 m.kr. sem er um 10,8% hlutfall af skatttekjum.
Eignasjóður	Gert er ráð fyrir að rekstur á fasteignum sé um 31,9 m.kr. og eru 22,4 m.kr. vegna meiriháttar viðhalds, Millifærslur vegna eignasjóðs eru tekjur 22,8 m.kr., það er reiknuð húsaleiga á stofnanir, reiknaðir vextir, umsýsla og afskriftir sem eru 40,6 m.kr.
Þjónustustöð	Undir rekstur þjónustustöðvar færast áhaldahús, vélamiðstöð og olíumalarstöð og er kostnaður áætlaður 18,4 m.kr.
Samanburður	Eðlilegt er að kostnaður sveitarfélaga með sambærilegan rekstur sé borinn saman. Varhugavert er þó að meðtaka þennan samanburð athugasemdalaust því misjafnar forsendur geta legið að baki talnanna. Samt sem áður er hollt að viðhafa naflaskoðun reglulega og svo er gert hjá sveitarfélaginu m.a. með því að rýna í árbók sveitarfélaganna.

#### IV. STYRKIR

Alls 20,1 m.kr.

Styrkir til ýmissa félaga og samtaka hafa alla tíð verið töluverðir hjá sveitarfélaginu en óskir og þarfir eru miklu meiri en unnt er að mæta. Að þessu sinni er 20,1 m.kr. ráðstafað í styrki og hafa þeir verið færðir í rekstrarramma.

Gert er ráð fyrir að styrkjunum sé skipt þannig:

Til æskulýðs- og tómsundamála um 13,0 m.kr.  
Til menningarmála um 4,6 m.kr.

Ýmsir styrkir 2,5 m.kr.

Auglýst er eftir umsóknum um styrkveitingar og er gert ráð fyrir að viðkomandi nefndir og ráð geri tillögur um frekari skiptingu fjárins.

## V. FRAMKVÆMDIR

318 m.kr.

Aðalframkvæmd ársins 2007 verður bygging sundlaugar við Heppuskóla. Ráðgert er að leggja 200 m.kr. í þá framkvæmd en auk þess verða lagðar nálægt 50 milljónir króna í verkefni sem tengjast Ungmennalandsmóti UMFÍ. Gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdir upp á 100 m.kr. á vegum Hafnarinnar og þ.a. þarf Hafnarsjóður að greiða 40 m.kr. en afgangurinn kemur frá ríki.

Framkvæmdalistinn sem samþykktur var í bæjarstjórn er eftirfarandi

Bygging sundlaugarmannvirkja	200.000
Ungmennalandsmót frjálsíþróttir	30.000
Ungmennalandsmót annað	10.000
Ungmennalandsmót tjaldsvæði	4.000
Götur	5.000
Sorpmál – endurvinnsla, gryfja / frágangur	1.500
Lóðir	10.000
Grunnskólinn í Hofgarði – frágangur á lóð	1.000
Leikvellir, ný leiktæki	500
Aðal- og deiliskipulag	1.000
Opin svæði	5.000
Götulýsing, dreifbýli – þéttbýli	2.000
<b>Samtals A-hluti</b>	<b>270.000</b>
Vatnsveita	4.000
Fráveita	4.000
Hornafjarðarhöfn	40.000
<b>Samtals B - hluti</b>	<b>48.000</b>
<b>Samtals framkvæmdir</b>	<b>318.000</b>

## VI. VIÐHALD FASTEIGNA

Yfirlit yfir viðhald 2007	<p>Hér á eftir er gerð grein fyrir viðhaldsáætlun fasteigna 2007</p> <p>Aftan við nafn hverrar stofnunar er áætlaður kostnaður við viðhald ársins 2007.</p> <p>Í viðhaldsrammanum að þessu sinni er haft að leiðarljósi að ná tökum á utanhússviðhaldi. Viðhaldi, endurbótum og kröfum innanhúss er því úthlutað eins litlum hluta af heildarrammanum og unnt er. Þetta verður haft að leiðarljósi uns náð hefur verið föstum tökum á viðhaldi utanhúss og því komið í fastan farveg á sem flestum byggingum í eigu sveitarfélagsins.</p>
Starfsmenn tæknideildar og forstöðumenn vinna verkefnalista	<p>Á sameiginlegum fundum starfsmanna tæknideildarinnar og umsjónarmanns fasteigna er saminn verkefnalisti, verð einstakra verkþátta fundin. Verkefnalistanum er síðan forgangsraðað í áherslupætti. Þegar allir þeir verkþættir sem hafa mestan forgang eru komnir inn á viðhaldsáætlun er næsta forgangsroð endurskoðuð og henni raðað inn á viðhaldsáætlun eins og heildarramminn leyfir.</p>
Heildarfjárhæð til viðhalds er 22,4 m.kr.	<p>Heildarfjárhæð viðhaldsrammans er 22,4 m.kr. og þar af eru um 1,0 m.kr. í óráðstafað viðhald. Unnið er með dagbók yfir hverja eign þar sem halið er utanum framkvæmdir.</p>
Hafnarskóli 3.400 þ.kr.	<p>Áfram verður unnið að bættu aðgengi í skólanum einkum þar sem notast var við bráðabirgðalausnir 2006. Hækkað verður upp gólf í mynd- og tónlistarstofu í elsta hluta gamla skóla. Gamli skóli verður málaður að hluta (steinn). Skólinn verður merktur og skipt verður út kerfisloftum í anddyrum nýja skóla. Jafnframt er gert ráð fyrir að stoppað verði hrun framaf böltu niður í einkagarð við bakgarð skólans.</p>
Heppuskóli 1.750 þ.kr.	<p>Á árinu verður endurnýjað gólfefni á skrifstofu skólastjóra, veggur í holi fjarlægður og lagður nýr dúkur á setustofu auk áframhaldandi endurnýjun á ljósaperum. Jafnframt er gert ráð fyrir að gerð verði breyting á salernum á efri hæð og þau gerð aðgengilegri fyrir fatlaða. Að auki þarf að gera ráð fyrir lyftu milli hæða en hún er ekki hluti af viðhaldsáætluninni.</p>
Nesjaskóli 2.450 þ.kr.	<p>Á árinu er gert ráð fyrir að mála skólann að utan (veggi og glugga), og lagfæra leka á þakrennum milli bursta. Einnig er gert ráð fyrir að framkvæma nauðsynlegt viðhald á loftræstikerfi og skipta um perur í hluta skólans.</p>
Nesjaskóli – Mötuneyti 100 þ.kr.	<p>Á árinu er gert ráð fyrir að setja upp eldvarnarhurð frá matsal að kröfu eldvarnareftirlits, auk ýmissa minniháttar lagfæringa að ósk/kröfu Hótel Eddu.</p>
Nesjaskóli – Heimavist 350 þ.kr.	<p>Á árinu er gert ráð fyrir að skipta um hurðir í íbúð hótelstjóra auk ýmissa minniháttar lagfæringa að ósk/kröfu Hótel Eddu.</p>
Sunnuhvoll	<p>Á árinu er gert ráð fyrir að þak verði málað.</p>

250 þ.kr.

Hrollaugsstaðaskóli 300 þ.kr.	Á árinu er gert ráð fyrir að skipta um innihurðafleka við aðalinngang, viðhalda útihurð, endurbætur á vegg við bakinngang, auk úrbóta á hitakerfi hússins, lýsingu og minniháttar skemmdir lagfærðar.
Hofgarður 500 þ.kr.	Á árinu er gert ráð fyrir að festa vatnsbretti, smíða léttan vegg á 2.hæð vegna hólfunar á leiktækjageymslu auk tilfallandi málunnar innanhúss. Einnig áframhaldandi aðgerða vegna þakleka.
Lönguhólar 2090 þ.kr.	Á árinu eru áætlanir um múrviðgerðir og málun utanhúss (stein), mála þak, endurnýjun á þakrennum að hluta ásamt endurnýjun á girðingu að norðanverðu leiksvæði.
Krakkakot 900 þ.kr.	Á árinu er gert ráð fyrir að smíða vegg til hólfunar á listastofu, setja upp klemmuvarnir á innihurðir, klæða vegginn inni herbergjum með krossviðarplötum á álagsfleti .
Sindrabær (Tónskóli) 4575 þ.kr.	Á árinu er áætlað að skipta um ónýta glugga, lagæra tröppur, rífa skúr aftan við húsið og mála það að utan.
Sindrabær (Þrykkjan) 0 þ.kr.	Á árinu er áætlað að skipta um ónýta glugga, lagæra tröppur, rífa skúr aftan við húsið og mála það að utan.
Tjaldstæðishús 350 þ.kr.	Á árinu eru fyrirhugaðar árvissar lagfæringar á rauðu snyrtingum auk ýmissa tilfallandi lagfæringa. Huga þarf að endurnýjun á rauðu snyrtingum í tengslum við landsmót.
Íþróttahús Höfn 480 þ.kr.	Á árinu eru áætlanir um að bekkir í karlaklefum verði málaðir, gangur og tækjageymsla verði málað og skipt verði um ljós í anddyri.
Íþróttahús Mánagarði 335 þ.kr.	Á árinu er áætlað að setja upp rofa við inngang í Mánagarð, skipta um útihurðir í aðalinngang, lagæra viðvarandi leka og loftaplötur.
Sundlaug 250 þ.kr.	Á árinu er fyrirhugað að sinna nauðsynlegu tilfallandi viðhaldi.
Silfurbraut 2-4 1.370 þ.kr.	Á árinu er áætlun um áframhaldandi endurnýjun á neysluvatnslögn og endurnýjun á hluta af gluggum.
Áhaldahús 200 þ.kr.	Á árinu verður sinnt tilfallandi viðhaldi á húsinu.
Ráðhús 1600 þ.kr.	Á árinu er áætlun um að mála húsið að utan (veggi og glugga).
Fundarhús Lóni 150 þ.kr.	Á árinu er áætlun um að mæla upp lóðina girða og lagfæra rakaskemmdir innandyra.

## VII. SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

*Helstu niðurstöður* Helstu niðurstöður í sjóðstreymisyfirlit A-hluta eru: Handbært fé frá rekstr (tiil rekstrar) um 116,5 m.kr. Fjárfestingar 270,0 m.kr. breyting á langtímakröfum 2,8 fjárfestingarhreyfingar eru því 272,8 m.kr. Greiðslubyrði lána er 98 m.kr., tekin ný langtímalán 200 m.kr., viðskiptastaða eigin fyrirtækja breyting 25,5 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar eru því um 127,8 m.kr. Lækkun á handbæru fé um 28,5 m.kr. og handbært fé í árslok 48,7 m.kr.

## VIII. HORNAFJARÐARHÖFN

Handbært fé til framkvæmda er 11,7 m.kr. Samkvæmt áætlun sem fjallað hefur verið um í hafnarstjórn eru rekstrartekjur samtals um 77,8 m.kr., rekstrargjöld 67,9 m.kr. og fjármagnsgjöld eru um 10,4 m.kr. Rekstrarniðurstaða er því halli um 0,6 m.kr. til framkvæmda er 22,5 m.kr. Stærstu rekstrarþættir hafnarinnar eru:

Sameiginlegur kostnaður	30,1 m.kr.
Hafnarvogin	2,0 m.kr.
Björn lóðs	2,5 m.kr.

*Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar* Miklar framkvæmdir hafa verið við höfnina þetta ár og gert er ráð fyrir framkvæmdum að upphæð um 100,0 m.kr. á næsta ári. Hlutur hafnarsjóðs er rúmar 40,0 m.kr. Þó gjaldskrá hafi verið hækkuð verulega nægir framlegð hafnarsjóðs engan veginn til að standa undir svona miklum framkvæmdum nema þá til langs tíma. Hlutur hafnarsjóðs er 40% í hafnarmannvirkjum en 25% varðandi dýpkun. Gert er ráð fyrir að Hornafjarðarhöfn taki 40,0 m.kr. lán til framkvæmdanna. Helsta framkvæmdin verður bygging nýs stálþils á milli Ískaja og Álaugareyjarbryggju.

## IX. VATNSVEITA - FRÁVEITA

Tekjur vatnsveitu eru áætlaðar 26,5 m.kr. og fráveitu 27 m.kr. er gert ráð fyrir að veiturnar skili um 21,4 m.kr. upp í afborganir og framkvæmdir. Áætlaðar framkvæmdir eru 8,0 m.kr.

## X. KAUPLEIGUÍBÚÐIR

Halli upp á 7,4 m.kr. Kaupleigukerfið er gert upp með um 7,4 m.kr. halla. Ekki er gert ráð fyrir innlausnarkostnaði og erfitt er að áætla sölu íbúða úr kerfinu sem hugsanlega þarf að greiða með. Gert er ráð fyrir að farið verði í meiriháttar viðhald að upphæð 2,8 m.kr.

## **XI. HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐAUSTURLANDS**

Halli upp á 14,5 m.kr. Stofnunin er gerð upp með 14,5 m.kr. halla. Með nýjum þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið er gert ráð fyrir að þessi halli verði jafnaður. Tekjur HSSA er um 373,4 m.kr. og gjöld um 358,9 m.kr.

Bókun bæjarstjórnar frá 14. desember 2006 Eftirfarandi bókun var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann 14. desember 2006:

*Fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands eins og þær eru kynntar í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2007 eru óaðgengilegar að hálfu Bæjastjórnar Hornafjarðar. Mikilvægt er að fjárveitingar til heilsugæslu og heimahjúkrunar aukist umtalsvert þannig að hægt sé að halda uppi eðlilegu þjónustustigi í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Minnt er á að langt er í sjúkrahús og næstu stóra þéttbýliskjarna og þess vegna afar brýnt að til staðar sé öflug heilsugæslu til að bregðast við slysum og bráðasjúkdómum.*

## **XII. LOKAORÐ**

Þakkir til fráfarandi bæjarstjóra

Albert Eymundsson lét af störfum sem bæjarstjóri eftir fimm ára starf. Albert hefur í áratugi verið mjög virkur í félagsmálum og bæjarmálum og lagt drjúgan skerf til framgangs byggðarlagsins. Hann hefur flutt sig um set og starfar nú og býr á Snæfellsnesi. Honum og fjölskyldu hans eru sendar bestu þakkir fyrir gott samstarf og óskað velfarnaðar á nýjum stað.

Þakkir til starfsfólks og bæjarráðsmanna

Gerð fjárhagsáætlunar er án efa stærsta einstaka verkefnið á vegum stjórnsýslunnar á ári hverju. Vinnan í haust hefur gengið vel. Þetta er fyrsta fjárhagsáætlun nýrrar bæjarstjórnar. Nýtt bæjarráð var skipað í vor og hefur það stýrt þessu verkefni af festu og ábyrgð. Vinnan hefur að venju mest mætt á framkvæmdastjórum sveitarfélagsins og forstöðumönnum. Fá þessir aðilar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Framtíð Hornafjarðar

Á tímamótum er bæði gott að skyggjast til baka og eins að horfa fram veginn. Miklar breytingar í atvinnuháttum og menningu vekja okkur til umhugsunar um framtíð staðarins. Tæknivæðing, útrás fyrirtækja, þennsla á Höfuðborgarsvæðinu og Mið-Austurlandi draga til sín fólk og fjármagn. Mikilvægt er að við höldum vel á okkar málum og einbeitim okkur að því hvernig við tryggjum samkeppnisstöðu okkar í þessu mikla umróti.

Sveitarfélagið gerir það best með því að styrkja þjónustu sína gagnvart íbúum og halda áfram styðja við atvinnulífið og rannsóknar- og þróunarstarf í Nýheimum. Þær framkvæmdir sem í nú er ráðist eru til þess fallnar að svara þróun sem á sér stað víða um land.

Það er mín trú að sveitarfélagið sé vel samkeppnishæft. Atvinnulíf stendur traustum fótum sem helgast af því að sjávarútvegur og ferðaþjónusta eru að styrkja stöðu sína, menning og félagslíf blómstrar

og skólastarf er farsælt. Það er því æði margt sem bendir til þess að við búum í sterku samfélagi sem mun standa af sér allar mótbárur. Það eru hins vegar alltaf verk að vinna og við getum aldrei leyft okkur að sofna á verðinum. Í mótlæti kemur í ljós úr hverju fólk er gert og það sama á við byggðarlög. Annaðhvort að koðna niður eða eflast til dáða.